

2014–2015

Kammersveit

Reykjavíkur

41. starfsár



17. ágúst 2014
kl. 17:15



Endurskin frá 1974

Sami staður, sami tími, sama efnisskrá



Afmælisfagnaður að Kjarvalsstöðum

Arcangelo Corelli	<i>Concerto grosso op. 6 nr. 1 í D-dúr</i>
Johann Sebastian Bach	<i>Weichet nur, betrübte Schatten</i>
	<i>Brúðkaupskantata BWV 202</i>
Páll Pampichler Pálsson	<i>Kristallar (1970)</i>
Bohuslav Martinů	<i>Nonetto (1959)</i>

Einsöngvari: Herdís Anna Jónasdóttir
Stjórnandi: Rúnar Óskarsson

Ágætu tónleikagestir

Kammersveitin hélt fyrstu tónleika sína á Þjóðhátíð í Reykjavík þann 4. ágúst 1974. Í sumar eru því 40 ár liðin frá stofnun hennar og hefst 41. starfsárið með afmælisfagnaði að Kjarvalsstöðum.

Fyrstu tónleikarnir voru haldnir að Kjarvalstöðum fyrir fullu húsi. Nú endurtökum við þessa tónleika fjórutíu árum síðar á sama stað, með sömu efnisskrá og næstum því sama dag. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan í ágúst 1974. Tónleikar Kammersveitarinnar skipta hundruðum, í Reykjavík, úti um land og víða um heim. Í gagnrýni um tónleikana í Morgunblaðinu þann 17. ágúst 1974 segir Þorkell Sigurbjörnsson, tónskáld:

„Ef þessir fyrstu tónleikar eru vísbending um framtíð þessarar starfsemi, þá er auðfundið, að hér hefur verið tendrað skært ljós í rúmi, þar sem hingað til hefur verið illa ratbjart. Það er vel og mega tónlistarunnendur borgarinnar hugsa með hlýhug og eftirvæntingu til þessa framtaks.“

Segja má að Kammersveitin hafi ríflega uppfyllt fyrirheit sín og þessar væntingar. Hún hefur auðgað íslenskt tónlistarlíf og gefið fjölda hljóðfæraleikara ómetanleg tækifæri til að þroskast sem listamenn. Við gleðjumst yfir öllum þessum árum og erum stolt af öllu því sem starf Kammersveitarinnar hefur skilað. Við erum stolt af fjölbreyttu efnisvalinu og gæðum tónleikanna. Auk þess að vera vettvangur fyrir tónlistarfólkið hefur Kammersveitin verið hvati fyrir íslensk tónskáld og hefur samstarf Kammer-sveitarinnar og þeirra borið árangur sem lifir í verkum þeirra, kynningu á þeim á erlendri grund og í útgáfum Kammersveitarinnar. Megi Kammersveitinni auðnast að halda kyndlinum áfram á lofti um mörg ókomin ár.

Rut Ingólfssdóttir

Haust 2014



Schubert oktettinn á ferðinni



Franz Schubert

Oktett í F-dúr, D. 803

Á haustmánuðum mun Kammersveitin heimsækja tvö nágrannasveitafélög sem líkt og Kammersveitin fagna fjöru-tíu ára afmæli sínu í ár, Seltjarnarnes og Grindavík. Kammer-sveitin kemur fram á Listahátíð Seltjarnarness þann 5. október og í Grindavík síðar í haust. Oktett Kammersveitarinnar skipa að þessu sinni Arngunnur Árnadóttir, klarinett; Rúnar H. Vilbergsson, fagott; Jósef Ognibene, horn; Una Sveinbjarnardóttir, fiðla; Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla; Guðrún Hrunð Harðardóttir, víóla; Sigurgeir Agnarsson, selló og Richard Korn, kontra-bassi. Oktett Schuberts telst til merkustu kammerverka tónlist-arsögunnar og flutti sami hópur verkið í Kaldalóni í Hörpu í apríl sl. og hluta þess á Barnamenningarhátíð í Íðnó.

7. desember 2014
kl. 17:00

Jólatónleikar í Norðurljósum



Unico Willem van
Wassenaer

Georg Christoph
Wagenseil

Unico Willem van
Wassenaer

Antonio Vivaldi

Antonio Vivaldi

Antonio Vivaldi

Concerto armonico nr. 1 í G-dúr

Básúnukonsert í Es-dúr

Concerto armonico nr. 2 í B-dúr

Flautukonsert í F-dúr RV 433

La tempesta di mare

Sellókonsert í g-moll RV 416

*L'Estro Armonico op. 3 nr. 10 í h-moll
RV 580 fyrir 4 fiðlur*



Einleikarar: Hafdis Vigfusdóttir, Carlos Caro Aguilera, Júlía Mogensen, Una Sveinbjarnardóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir, Gunnhildur Daðadóttir og Joaquin Páll Palomares.

Hinir árlegu jólatónleikar Kammersveitarinnar verða hátíð-legir að vanda en flutt verða verk eftir Wassanaer, Wagenseil og Vivaldi. Kammersveitin hefur í gegnum árin lagt áherslu á að bjóða ungu og framúrskarandi tónlistarfólki sem nýlega hefur komið heim frá námi að leika einleik á tónleikum sveitarinnar, ekki síst á jólatónleikunum.

1. febrúar 2015
kl. 20:00

Myrkir músikdagar í Norðurljósum



Hugi Guðmundsson

Alkul fyrir kantele og
strengjasveit, frumflutningur

Hafliði Hallgrímsson

Double Image op. 49
(Umritun á *Strengjakvartett*
no. II 2013), frumflutningur

Dobrinka Tabakova

Konsert fyrir selló og strengi

Stjórnandi: Bernharður Wilkinson



Á Myrkum músíkdögum mun Kammersveitin frumflytja nýtt verk eftir Huga Guðmundsson sem ber heitið *Alkul* og er samið fyrir kantele og strengjasveit. Einleikari verður Eva Alkula sem er einn fremsti kanteleleikari Finna en verkið er sérstaklega samið fyrir þetta tilefni. Kammersveitin mun einnig leika umritun á *Strengjakvartett nr. 2* eftir Hafliða Hallgrímsson. Strengjakvartettinn samdi Hafliði árið 1990 til minningar um vin sinn, píanóleikarann Bryn Turley. Kvartettinn heyrðist fyrst á Íslandi á Myrkum músíkdögum árið 1993 í flutningi Reykjavíkurbíókvartettsins og hefur hann verið fluttur á Íslandi nokkrum sinnum síðan. Umritunin sem gerð var árið 2013 ber heitið *Double Image op. 49*. Á tónleikunum munu einnig hljóma búlgarskir tónar, en búlgarska tónskáldið Dobrinka Tabakova hefur skotist hratt upp á stjörnuhimininn eftir að hún hlaut ýmis verðlaun fyrir verk sín, nú síðast Grammy-tilnefningu. Það er því mikið tilhlökkunarefni að Kammersveitin muni í fyrsta sinn flytja verk eftir hana en konsert hennar fyrir selló og strengi sem saminn var árið 2008 mun hljóma í flutningi Sigurðar Bjarka Gunnarssonar, sellóleikara.

15. mars 2015
kl. 17:00

Les Six – Sexmenningarnir



Franskir tónleikar í Norðurljósum í samvinnu við franska sendiráðið í Reykjavík

Les Six	<i>L'Album des Six</i>
Georges Auric	<i>Marlborough s'en va t'en Guerre</i>
Louis Durey	Þættir úr <i>Le Bestiaire</i> við ljóð eftir G. Apollinaire fyrir barítón og kammersveit
Arthur Honegger	<i>Concertino</i> fyrir píanó og hljómsveit
Germaine Tailleferre	<i>Sinfonietta</i> fyrir trompet, pákur og strengjakvintett
Francis Poulenc	<i>Le Bal masqué</i> við ljóð eftir Max Jacob (1932), fyrir barítón og kammersveit
Darius Milhaud	<i>Le Boeuf sur le Toit</i> (1919)



Stjórnandi: Pejman Memarzadeh

Einleikarar: Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó; Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó.

Einsöngvari: Bergþór Pálsson

Les Six eða sexmenningarnir er þekkt nafn á hópi franskra tónskálda sem voru ung og upprennandi um 1920. Í hópnum var ein kona og fimm karlar, Germaine Tailleferre, Georges Auric, Louis Durey, Arthur Honegger, Darius Milhaud og Francis Poulenc. Listalífið í París var mjög líflegt á árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina og auk sexmenninganna voru þeir áberandi Satie, Cocteau og Diaghilev, Matisse, Picasso og Modigliani. Árið 1920 kom út verk sem kallast *L'Album de Six* og eru þar stutt píanóverk eftir hvert þeirra. Þetta er eina verkið sem þau komu öll að en af og til næstu 32 árin komu nokkur þeirra að sameiginlegum verkefnum. Kammersveitin vill með þessum tónleikum kynna tónskáldin sex, sem öll gerðu garðinn frægan en á mismunandi sviðum tónlistarinnar. Til liðs við Kammersveitina á þessum tónleikum kemur fransk stjórnandinn Pejman Memarzadeh. Pejman Memarzadeh er sellóleikari auk þess að stjórna m.a. l'Orchestre d'Alliance sem hann stofnaði 1995 og stjórnar reglulega í París og á tónleikaferðum. Hann er einn af stjórnendum l'Orchestre pour la Paix þar sem tónlistarfólk frá Ísrael og arabalöndunum vinnur hlið við hlið.

Nýir geisladiskar Kammersveitarinnar:



Ábyrgðarmaður

Rut Ingólfsdóttir

Verkefnastjórn

Gunnhildur Daðadóttir
Matthías Birgir Nardeau
Rut Ingólfsdóttir

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Richard Korn
Rúnar Óskarsson

Verkefnavalsnefnd

Áshildur Haraldsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Richard Korn
Rúnar Óskarsson
Þórunn Ósk Marinósdóttir

Einar Jóhannesson
Matthías Birgir Nardeau
Rut Ingólfsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir

Kammersveit Reykjavíkur nýtur styrks
úr Tónlistarsjóði og frá Reykjavíkurborg



Fertugsafmælisrit
Kammersveitarinnr

kammersveit@centrum.is
kammersveit@gmail.com
www.kammersveit.is

Prentun: GuðjónÓ

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar